



Tilmæli 3/2013

Fyrri númer:
A 1585/miljø

Fjallað um í:
Umhverfis- og
náttúruauðlindanefnd

Málsnúmer: 12-00322-16

Norræn langtímastefna í öryggismálum í tengslum við umhverfis- og loftslagsmál

Með tilvísun til 45. og 56. greinar í Helsingforssamningnum hefur Norðurlandaráð þann 11. apríl 2013 samþykkt eftirfarandi tilmæli samkvæmt tillögu umhverfis- og náttúruauðlindanefndar.

Norðurlandaráð beinir tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna um

að gerð verði úttekt á þeim áhrifum sem hækkun meðalhitastigs í heiminum um fjórar gráður getur haft á stöðugleika á grannsvæðum Norðurlanda og fólksflutninga á Norðurlöndum;

að kortlögð verði þau áhrif sem hækkun meðalhitastigs í heiminum um fjórar gráður getur haft á líf skjör og borgaralegt öryggi Norðurlandabúa og þörf á að efla björgunarbúnað og hæfni norrænna samfélaga til að aðlagast breyttu loftslagi;

að eflt verði samstarf um björgunarmál á Norðurlöndum, til dæmis með stofnun norrænnar hamfarabjörgunarsveitar eins og lagt er til í Stoltenberg-skýrslunni.

Stokkhólmi, 11. apríl 2013

Marit Nybakk

Forseti Norðurlandaráðs

Jan-Erik Enestam

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs